

TILLÖGUR STJÓRNAR KVÍKU BANKA HF.

til hluthafafundar 18. desember 2018

1. Kaup alls hlutafjár í GAMMA Capital Management hf.

Stjórn félagsins leggur til að hluthafafundur samþykki eftirfarandi ályktun:

„Hluthafafundur í Kviku banka hf., haldinn þann 18. desember 2018, samþykkir að Kvika banki hf. kaupi allt hlutafé í GAMMA Capital Management hf., með þeim skilmálum sem fram koma í tilkynningu félagsins um kaupsamning, sem birt var 19. nóvember 2018 í fréttakerfi Nasdaq Iceland. Samþykki hluthafafundar er með fyrirvara um tilskilin samþykki eftirlitsaðila.“

Greinargerð: Stjórn leggur til við hluthafafund að allt hlutafé GAMMA Capital Management hf. verði keypt, með þeim skilmálum sem greinir í kaupsamningi um hlutafé á milli Kviku banka hf. og M-Investments ehf. sem kaupenda og allra hluthafa GAMMA Capital Management hf. sem seljenda. M-Investments ehf. er félag í 100% eigu Kviku og mun það félag kaupa einn hlut til þess að skilyrði laga um fjölda hluthafa séu uppfyllt. Samkvæmt ákvæðum samningsins eru kaupin m.a. háð því skilyrði af hálfu kaupenda að hluthafafundur Kviku banka hf. samþykki kaup á öllu hlutafé GAMMA Capital Management hf., verði slíkur hluthafafundur haldinn fyrir árslok 2018. Kaupin eru einnig háð samþykki eftirlitsaðila.

Aðrir helstu skilmálar kaupanna koma fram í tilkynningu Kviku banka hf. um kaupsamning, sem birt var 19. nóvember 2018 í fréttakerfi Nasdaq Iceland. Vísast til umfjöllunar í tilkynningunni um nánari upplýsingar.

2. Breytingar á samþykktum

Stjórn félagsins leggur til að hluthafafundur samþykki að ákvæði gr. 4.11 í samþykktum félagsins um undirnefnd stjórnar taki breytingum og verði eftirleiðis svohljóðandi:

„4.11. Stjórn skal skipa félaginu áhættunefnd, endurskoðunarnefnd og starfskjaranefnd, eigi síðar en mánuði eftir aðalfund. Hver nefnd skal skipuð að lágmarki þremur einstaklingum, þar af tveimur stjórnarmönnum félagsins hið minnsta. Starfsmenn félagsins skulu ekki eiga sæti í undirnefndum stjórnar. Nefndarmenn skulu búa yfir nægilegri þekkingu og starfsreynslu til að sinna þeim hlutverkum sem undirnefndum stjórnar ber að sinna samkvæmt gildandi lögum og reglum. Hver nefnd skal setja sér starfsreglur þar sem nánar er kveðið á um framkvæmd starfa hennar og skulu þær staðfestar af stjórn.“

Greinargerð: Í samþykktum félagsins er nú kveðið á um eina undirnefnd stjórnar með sameinað hlutverk endurskoðunar-, áhættu- og starfskjaranefndar. Í kjölfar þess að ný stjórn tók til starfa eftir aðalfund félagsins í mars 2018 voru gerðar breytingar á skipulagi nefndarstarfa. Hlutverk sameinaðrar nefndar var margþætt. Taldi stjórn mikilvægt að allir þættir sem undir nefndina heyrðu fengju tilhlýðilega athygli og að viðeigandi sérþekking væri til staðar.

Í því skyni að dýpka vinnu og þekkingu í undirnefnd, auka gæði og styrkja þessa mikilvægu ráðgjafar- og eftirlitsvinnu var ákveðið að skipta verkum innan nefndarinnar þannig að um þrjár einingar yrði að ræða, þ.e. endurskoðunarnefnd, áhættunefnd og starfskjaranefnd. Jafnframt telur stjórn mikilvægt að nýta þá sérþekkingu sem til staðar er í stjórn félagsins og að nefndir hennar séu því að meirihluta til skipaðar stjórnarmönnum.

Með það að markmiði að styðja við góða stjórnarhætti félagsins er hér lagt til að breyta samþykktum félagsins á þann veg að framvegis verði þrjár sjálfstæðar undirnefndir stjórnar, þ.e. áhættunefnd, endurskoðunarnefnd og starfskjaranefnd, og að undirnefndir stjórnar skuli skipaðar að lágmarki þremur einstaklingum, þar af tveimur stjórnarmönnum félagsins hið minnsta.

3. Þóknun nefndarmanna í undirnefndum stjórnar

Stjórn félagsins leggur til að hluthafafundur samþykki eftirfarandi ályktun:

„Hluthafafundur í Kviku banka hf., haldinn þann 18. desember 2018, samþykkir að þóknun nefndarmanna í undirnefndum stjórnar verði með þeim hætti að formaður hverrar undirnefndar skuli fá greiddar kr. 200.000,- kr. á mánuði fyrir störf sín en aðrir nefndarmenn kr. 150.000,- á mánuði.

Jafnframt samþykkir hluthafafundur að núverandi nefndarmönnum, sem ekki hafa fengið greidda þóknun fyrir störf sín á þessu starfsári, verði greidd þóknun afturvirk í samræmi við framangreinda tillögu, fyrir þá vinnu sem þeir hafa innt af hendi frá aðalfundi félagsins þann 21. mars 2018.

Greinargerð: Á aðalfundi félagsins í mars 2018 samþykktu hluthafar að formaður í undirnefnd stjórnar skyldi fá greiddar kr. 413.874,- á mánuði en aðrir nefndarmenn kr. 206.938,- á mánuði fyrir störf sín.

Ljóst var að til þess að ná þeim markmiðum að skipta verkum, dreifa álagi og auka sérþekkingu í undirnefnd þyrfti að fjölga nefndarmönnum og var það gert. Sex einstaklingar sitja nú í undirnefnd stjórnar í stað þriggja áður, en sumir þessara sex einstaklinga sinna nefndarstörfum fyrir fleiri en eina einingu nefndarinnar.

Í ljósi orðalags samþykpta félagsins um nefndatilhögun taldi stjórn rétt að greiða einungis formanni nefndarinnar þóknun í samræmi við ákvörðun aðalfundar 2018, en aðrir nefndarmenn hafa ekki fengið greidda þóknun fyrir nefndarstörf sín á yfirstandandi starfsári. Vill stjórn óska eftir afstöðu hluthafafundar til breyttrar nefndatilhögunar og þá samhliða til greiðslu þóknunar til nefndarmanna í samræmi við framlagða tillögu.

Stjórn Kviku banka hf.